

Ed. 232. Frumvarp til laga [127. mál]

um afnám heimildar til einkasölu á viðtækjum.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

Úr gildi er numinn II. kafli laga nr. 68/1934, um einkasölu á útvarpstækjum, svo og 2. málslíður 1. málsgreinar og 2. málsgrein III. kafla sömu laga.

2. gr.

Eignir Viðtækjaverzlunar ríkisins skulu, að frádregnum 1.8 milljónum króna, sem ganga eiga til ríkissjóðs, vegna Sinfóníuhljómsveitarinnar og 1.0 milljón króna, sem verja skal til þess að ljúka Þjóðleikhúsbyggingunni, renna í framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins, er jafnframt tekur á sig skuldbindingar Viðtækjaverzlunarinnar gagnvart lánardrottnum og starfsmönnum hennar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dags. 15. maí 1965 skipaði menntamálaráðherra nefnd, er endurskoða skyldi starfsgrundvöll Viðtækjaverzlunar ríkisins. Í nefndina voru skipaðir:

Jón Á. Bjarnason, verkfræðingur, skv. ábendingu Verzlunarráðs Íslands, Sigurður J. Briem, stjórnarráðsfulltrúi, Sigtryggur Klemenzson, ráðuneytisstjóri, og Sveinn Ingvarsson, forstjóri. Sigurður J. Briem var skipaður formaður nefndar-

innar. Í forföllum Sigtryggs Klemenzsonar tók Höskuldur Jónsson, stjórnarráðsfulltrúi, sæti í nefndinni.

Nefndin lauk störfum 29. marz 1966, og fara hér á eftir nokkur atriði úr álitsgerð hennar:

Árið 1964 varð halli á rekstri Viðtækjaverzlunarinnar, er nam um 920 000 krónum auk vaxta af tæpum 7 000 000 króna, er verzlunin er talin skulda ríkissjóði.

Nefndin ræddi framtíð Viðtækjaverzlunarinnar, og komst forstjóri hennar svo að orði:

„Eins og málum er nú komið, er mér ljóst, að ekki eru tók á að byggja upp líkan starfsgrundvöll þeim, er Viðtækjaverzlunin starfaði á fyrstu 27—28 árin, því að meðal annarra fullnægjandi skilyrða í þeim efnum yrði að útvega 40—50 milljónir króna sem handbært rekstrarfé og jafnframt auka starfslið stofnunarinnar að þrefaldri tölu við það, sem nú er, að lágmarki.“

Í nefndarálitinu segir enn fremur:

„Nefndin telur, að aðstaða Íslendinga til að afla sér viðtækja og varahluta í þau sé í dag allt önnur og betri en hún var 1930. Með hliðsjón af fullkominni getu einkafyrirtækja sem og samvinnufélaga til að annast innflutning og dreifingu viðtækja, getur nefndin ekki mælt með, að ríkissjóður leggi fram 40—50 milljónir til reksturs einkasölu til sams konar þjónustu og bindi þar við 30 manna starfslið. Þar sem mjög óráðlegt virðist að halda áfram rekstri einkasölnnar með núverandi sniði, leggur nefndin til, að hún verði lögð niður.“

Tvímælalaust verður sparnaður af að leggja Viðtækjaverzlun ríkisins niður, en hækka jafnframt verðtoll af viðtækjum, svo sem lagt er til í frumvarpi um breyting á tollskrárlögum, sem lagt verður fram samtímis þessu frumvarpi. Starfslið Viðtækjaverzlunarinnar er 10 manns. Er starf þess að verulegu leyti skattheimta, er toll-yfirvöld geta haft með höndum án nokkurs aukakostnaðar. Í annan stað er til mikils hagræðis fyrir innflytjendur viðtækja, að skattheimta af innflutningi sé færð á eina hendi. Í þriðja lagi mundi hallarekstur Viðtækjaverzlunarinnar að sjálfsögðu hverfa, og peningar þeir, er verja hefði orðið til greiðslu hallans, yrðu til annarrar ráðstöfunar.

Gildandi lög um einkasölu á útvarpsviðtækjum eru heimildarlög. Með hliðsjón af gerbreyttum aðstæðum almennings til að afla sér viðtækja, þykir rétt, að heimild ríkissjóðs til að hafa á hendi einkasölu á viðtækjum verði úr gildi numin.

Upphaflega var gert ráð fyrir, að hagnaður af viðtækjaeinkasölnni rynni í framkvæmasjóð Ríkisútvarpsins, en í lögum nr. 115/1951 segir, að hagnaðurinn skuli renna í ríkissjóð til greiðslu á byggingarskuldum Þjóðleikhússins. Síðar var þeim lögum breytt og skyldi hagnaðinum þá skipt milli Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Þjóðleikhússins. Nú hafa verið teknar upp beinar fjárveitingar í fjárlögum til rekstrar bæði Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitarinnar. Byggingarskuldur Þjóðleikhússins eru að fullu greiddar, en nokkrar framkvæmdir við húsið þó enn nauðsynlegar. Þykir rétt, að þær framkvæmdir verði kostaðar af tekjum Viðtækjaverzlunarinnar frá fyrri árum, en gert er ráð fyrir, að þær muni kosta 1.0 milljón króna. Þá er og eðlilegt, að Viðtækjaverzlunin greiði í ríkissjóð það fé, sem hún á ógreitt vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 1965—67, en það nemur 1.8 milljón kr. Að öðru leyti renni eignir hennar í framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins, eins og ráðgert var, þegar Viðtækjaverzlunin var stofnuð, enda taki hann að sér að greiða skuldbindingar hennar. Tekjur af hækkun verðtolls af viðtækjum renna að sjálfsögðu í ríkissjóð, enda tekur hann að sér fjárframlög til þeirra verkefna, sem hagnaður Viðtækjaverzlunarinnar skyldi áður renna til.